

SAMNINGUR

Akureyrarbæjar, Dalvíkurbyggðar, Eyjafjarðarsveitar, Fjallabyggðar, Grýtubakkahrepps, Hörgársveitar, Langesbyggðar, Norðurþings, Svalbarðsstrandarhrepps, Tjörneshrepps og Þingeyjarsveitar um Barnaverndarþjónustu á Norðurlandi eystra.

1. gr.

Umdæmi Barnaverndarþjónustunnar á Norðurlandi eystra.

Sveitarfélögin Akureyrarbær, Dalvíkurbyggð, Eyjafjarðarsveit, Fjallabyggð, Grýtubakkahreppur, Hörgársveit, Langesbyggð, Norðurþing, Svalbarðsstrandarhreppur, Tjörneshreppur og Þingeyjarsveit (hér eftir sameiginlega „aðildarsveitarfélögin eða „samningsaðilar“) reka saman Barnaverndarþjónustuna á Norðurlandi eystra.

Markmið barnaverndarþjónustunnar er að stuðla að réttindum barna til verndar og umönnunar og tryggja að börn sem búa við óviðunandi aðstæður eða börn sem stofna heilsu sinni og þroska í hættu fái nauðsynlega aðstoð.

Samkvæmt Hagstofu Íslands þann 1. janúar 2025 var sameiginlegur íbúafjöldi þessara ellefu sveitarfélaga 32.056 manns.

Framangreind sveitarfélög mynda sameiginlegt umdæmi á Norðurlandi eystra um barnaverndarþjónustu og uppfylla skilyrði 1. mgr. 11. gr. barnaverndarlaga um lágmarks íbúafjölda. Þjónustusvæðið er ekki sjálfstæður lögaðili.

Framangreind sveitarfélög eru öll aðilar að samningi um rekstur umdæmisráðs Landsbyggða, sem gerður var með vísan til 14. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

2. gr.

Leiðandi sveitarfélag og valdheimildir.

Með samningi þessum fela Dalvíkurbyggð, Eyjafjarðarsveit, Fjallabyggð, Grýtubakkahreppur, Hörgársveit, Langesbyggð, Norðurþing, Svalbarðsstrandarhreppur, Tjörneshreppur og Þingeyjarsveit Akureyrarbæ að vera leiðandi sveitarfélag í framkvæmd og rekstri barnaverndarþjónustunnar á Norðurlandi eystra skv. 10., 11. og 12. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 og 96. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Akureyrarbær er leiðandi sveitarfélag í umdæminu í skilningi 96. gr. sveitarstjórnarlaga og felur það í sér að aðildarsveitarfélögin hafa framselt vald til töku ákvarðana á grundvelli barnaverndarlaga nr. 80/2002 til Akureyrarbæjar. Akureyrarbær ber ábyrgð á að skipa hæfu starfsfólki í barnaverndarþjónustuna, sbr. barnaverndarlög nr. 80/2002, vegna vinnslu mála hjá barnaverndarþjónustunni í heild og fer með yfirstjórn barnaverndarþjónustunnar auk þess að fara með ráðningasamband og allar stjórnunarheimildir gagnvart starfsmönnum barnaverndarþjónustunnar. Akureyrarbær sér um afgreiðslu launa til starfsmanna og stendur skil á lögbundnum greiðslum, lífeyrissjóðsgreiðslum og iðgjöldum til stéttarfélaga. Í Norðurþingi og ýmist í Dalvíkurbyggð eða Fjallabyggð skal leitast við að hafa starfsstöðvar og stöðugildi til að tryggja faglega þjónustu við svæðið sambærilega og verið hefur.

Akureyrarbær annast því verkefni barnaverndarþjónustu samkvæmt 10. gr. barnaverndarlaga, sem ekki eru sérstaklega falin öðrum. Samningi þessum fylgir samþykkt um fullnaðarafgreiðslu mála hjá Barnaverndarþjónustunni á Norðurlandi eystra skv. 3. mgr. 12. gr. barnaverndarlaga. Samþykktin er ófrávíkjanlegur hluti samnings þessa. Akureyrarbær ber því ábyrgð á fullnaðarafgreiðslu barnaverndarmála á starfssvæði samningsins og skulu

aðildarsveitarfélögin tryggja að valdframsal til Akureyrarbæjar sé í samþykktum þeirra um stjórn og fundarskóp.

Ekki er þörf á staðfestingu á ákvörðun um framkvæmd verkefnisins með vísan til 6. liðar 4. mgr. 96. gr. sveitarstjórnarlaga nema þess sé sérstaklega getið í samningi þessum.

Það er sameiginlegur vilji aðildarsveitarfélaganna að jafnræðis sé gætt í vinnu með börnum og fjölskyldum þeirra óháð búsetu þeirra.

3. gr.

Verkefni Barnaverndarþjónustunnar á Norðurlandi eystra.

Barnaverndarþjónustan á Norðurlandi eystra undirbýr og fer fram á úrskurð umdæmisráðs vegna mála sem lúta úrskurðarvaldi ráðsins.

Barnaverndarþjónustan á Norðurlandi eystra setur reglur um veitingu fjárstyrks vegna málsmeðferðar hjá barnaverndarþjónustunni til greiðslu lögmannaðstoðar, sbr. 47. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Starfsfólk Barnaverndarþjónustunnar á Norðurlandi eystra myndar að lágmarki eitt barnaverndarteymi sem annast barnaverndarþjónustu og ráðgjöf á grundvelli barnaverndarlaga. Starfsfólk barnaverndarþjónustu annast móttöku á barnaverndartilkynningum og skráningum þeirra í sameiginlegan barnaverndargrunn og annast úrvinnslu þeirra í samráði við yfirmann barnaverndarþjónustunnar. Barnaverndarþjónustan heldur að lágmarki einn fund í viku og varða fundir afgreiðslu og úthlutun mála, málsmeðferð og könnun. Stjórnandi (forstöðumaður) Barnaverndarþjónustunnar á Norðurlandi eystra ber ábyrgð á fundunum. Forstöðumaður eða teymisstjóri sem til þess er ráðin stýra fundunum. Fundirnir eru til þess að ákvarða málsmeðferð og taka ákvarðanir í einstaka málum sem starfsmenn framfylgja. Fundina situr starfsfólk barnaverndarþjónustu og eftir atvikum lögfræðingur velferðarsviðs Akureyrarbæjar. Verklagi Barnaverndarþjónustunnar er nánar lýst í áðurnefndum samþykktum um fullnaðarafgreiðslu mála hjá Barnaverndarþjónustunni á Norðurlandi eystra sem fylgja samningi þessu.

4. gr.

Samráð

Aðildarsveitarfélögin skuldbinda sig til þess að hafa gagnvirkt samráð um ákvarðanir innan þessa samstarfs sem hafa áhrif á fjárhagslegar skuldbindingar aðildarsveitarfélaganna eða leiða til verulegra breytinga á veittri þjónustu í málaflokknum.

Aðildarsveitarfélögin fjalla um stefnumótun þjónustunnar, almennan rekstur, starfsáætlun, rekstraryfirlit sem og fjárhagsáætlun. Þegar slík mál eru lögð fyrir velferðarráð Akureyrarbæjar skal málið einnig lagt fram til umsagnar í velferðar- og fræðslunefnd Langesbyggðar, fjölskylduráði Norðurlþings, fræðslu- og velferðarnefnd Þingeyjarsveitar, velferðarnefnd Fjallabyggðar, hreppsnefnd Tjörneshrepps, félagsmálaráð Dalvíkurbyggðar og til sveitarstjórnar Eyjafjarðarsveitar, Grýtubakkahrepps, Hörgársveitar og Svalbarðsstrandarhrepps.

Haldinn skal fundur árlega með öllum samningsaðilum, eigi síðar en 1. október ár hvert til að meta samstarfið. Akureyrarbær skal boða til fundar með mánaðar fyrirvara þar sem samstarf sveitarfélagana skal rætt, sem og hugsanlegar breytingartillögur bornar upp og ræddar. Ef til breytinga kemur fer um málsmeðferðina skv. 7. gr. samnings þessa.

5. gr.

Kostnaðarskipting.

Við kostnaðarútreikning á samningi þessum er tekið mið af íbúafjölda hvers sveitarfélags miðað við 1. janúar ár hvert.

Sameiginlegur kostnaður sem skiptist eftir íbúafjölda aðildarsveitarfélaga:

- a. Yfirstjórn og öll stjórnsýsla er snýr að barnaverndarþjónustunni.
- b. Móttaka og umsýsla barnaverndartilkynninga.
- c. Ákvarðanataka og ábyrgð á vinnslu barnaverndarmála.
- d. Lögfræðiþjónusta í barnavernd, þ.e. ráðgjöf, framfylgd mála vegna ákvarðana umdæmisráðs Landsbyggða og dómsmál á fyrsta dómstigi.
- e. Styrkur til aðila barnaverndarmáls til greiðslu lögmannsaðstoðar.
- f. Annar kostnaður sem kemur til vegna úrræða og stuðnings á grundvelli barnaverndarlaga, svo sem sálfræðiviðtöl, markþjálfun, eftirlit, tilsjón og fjölskyldustuðningur inn á heimili.
- g. Kostnaður vegna mála sem fara fyrir umdæmisráð (þó ekki fastur rekstrarkostnaður ráðsins).
- h. Bakvakt barnaverndar.

Greiðsla vegna þjónustunnar skal endurskoðuð ár hvert miðað við íbúafjölda skv. Hagstofu Íslands í janúar ár hvert.

Fyrir þjónustuna í desember 2025 greiða sveitarfélögin Eyjafjarðarsveit, Grýtubakkahreppur, Hörgársveit, Langanesbyggð, Norðurþing, Svalbarðsstrandarhreppur, Tjörneshreppur og Þingeyjarsveit Akureyrarbæ samkvæmt fyrirbyggjandi kostnaðaráætlun fyrir árið 2025 sem fyrri samningur á milli sveitarfélaganna byggði á, sbr. auglýsing í stjórnartíðindum 7. febrúar 2025 nr. 166/2025. Fyrir þjónustuna í desember 2025 greiða sveitarfélögin Dalvíkurbyggð og Fjallabyggð Akureyrarbæ eftirfarandi fjárhæðir:

Dalvíkurbyggð	kr. 1.674.358
Fjallabyggð	kr. 1.727.066

Fyrir þjónustuna á árinu 2026 greiða sveitarfélögin Akureyrarbæ eftirfarandi fjárhæðir:

Dalvíkurbyggð	kr. 20.092.301
Eyjafjarðarsveit	kr. 12.481.261
Fjallabyggð	kr. 20.724.797
Grýtubakkahreppur	kr. 4.100.685
Hörgársveit	kr. 8.928.740
Langanesbyggð	kr. 5.903.299
Norðurþing	kr. 33.142.809
Svalbarðsstrandarhreppur	kr. 5.312.969
Tjörneshreppur	kr. 558.705
Þingeyjarsveit	kr. 15.316.953

Greiðslur eru af áætluðum kostnaði vegna yfirstjórnar barnaverndar og sameiginlegum kostnaði frá gildistöku samningsins 1. desember 2025 og út árið 2026 og byggja á fyrirbyggjandi

kostnaðaráætlunum, sem sýna útteilingu á kostnaði allra hlutaðeigandi sveitarfélaga vegna barnaverndar á svæðinu.

Akureyrarbær sendir sveitarfélögunum reikning vegna þjónustunnar ársfjórðungslega. Reikningnum skal fylgja sundurliðun á þeim kostnaði sem sveitarfélögunum ber að greiða.

Greiðslur byggja á áætlun um kostnað við þjónustuna. Verði veruleg breyting á kostnaði, til hækkunar eða lækkunar, meira en 3% frávik frá áætlun, má taka kostnaðarskiptinguna upp.

Sérkostnaður hvers aðildarsveitarfélags:

Kostnaður vegna fósturráðstafana og vistana á einkaheimilum til lengri og skemmri tíma, sem og stuðningsfjölskyldna. Einnig sérstaklega stórir kostnaðarliðir eins og málskostnaður á æðra dómstigi, forsjárhæfnimat og annað eftir atvikum í samráði milli forstöðumanns Barnaverndarþjónustunnar á Norðurlandi eystra og sveitarstjóra viðeigandi aðildarsveitarfélags.

Forstöðumaður barnaverndarþjónustu skal með góðum fyrirvara gera viðeigandi aðildarsveitarfélagi grein fyrir væntanlegum kostnaði sem kemur til með að falla á viðkomandi sveitarfélag vegna þessa sérkostnaðar og er sérstakur reikningur sendur vegna þessa.

6. gr.

Úrsögn sveitarfélags.

Ákveði sveitarfélag að hætta aðild að Barnaverndarþjónustunni á Norðurlandi eystra skv. samningi þessum skal viðkomandi sveitarfélag tilkynna það með skriflegum hætti til Akureyrarbæjar fyrir 1. júlí vegna næsta árs á eftir. Tekur úrsögn þá gildi við næstu áramót að því gefnu að sveitarfélagið hafi greitt allan þann kostnað sem því ber, sbr. 5. gr. samnings þessa.

7. gr.

Endurskoðun.

Við gerð þessa samnings er miðað við ákveðnar forsendur, sbr. kostnaðarskiptingu í 5. gr. samnings þessa. Samningsaðilar eru sammála um að ef þessar samningsforsendur breytast í verulegum atriðum geti þeir hvenær sem er á samningstímanum óskað eftir endurskoðun á samningnum. Skal það erindi sent skriflega til Akureyrarbæjar. Sviðsstjóri velferðarsviðs Akureyrarbæjar boðar til fundar með öðrum samningsaðilum. Sé talin þörf á endurskoðun skal unnið að breytingartillögum og málið lagt fyrir velferðarráð Akureyrarbæjar og sveitarstjórnir allra aðildarsveitarfélaga.

Ef breytinga á samningi þessum gerist þörf skal málið lagt fyrir allar sveitarstjórnir samningsaðila að Barnaverndarþjónustunni á Norðurlandi eystra í tvígang, auk þess skal óska eftir staðfestingu viðeigandi ráðuneytis sem fer með málefni barnaverndarþjónustu, sbr. 18. og 93. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

8. gr.

Meðferð ágreiningsmála.

Rísi ágreiningur vegna samnings þessa skulu aðilar reyna sættir, en reynist það nauðsynlegt að reka mál vegna samningsins, skal það rekið fyrir Héraðsdómi Norðurlands eystra.

9. gr.

Gildistaka.

Samningur þessi skal birtur í Stjórnartíðindum og skal taka gildi 1. desember 2025. Samningur þessi er ótímabundinn með uppsagnarákvæði, sbr. 6. gr. samnings þessa.

Um þjónustuna gildi áður samningur um Barnaverndarþjónustu á Norðurlandi eystra sem birtur var í stjórnartíðindum 7. febrúar 2025, milli Akureyrarbæjar, Eyjafjarðarsveitar, Grýtubakkahrepps, Hörgársveitar, Langanesbyggðar, Norðurlþings, Svalbarðsstrandarhrepps, Tjörneshrepps og Þingeyjarsveitar. Með gildistöku samnings þessa fellur sá samningur úr gildi. Þá er jafnframt í gildi samningur á milli Akureyrarbæjar og Dalvíkurbyggðar sem fellur sjálfkrafa úr gildi 30. nóvember 2025.

Af samningi þessum eru gerð tólf samhljóða eintök, eitt handa hverjum samningsaðila og eitt til ráðuneytis sem fer með málefni barnaverndarþjónustu, í samræmi við 93. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Þannig samþykkt:

í bæjarstjórn Akureyrarbæjar	dags.
í sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar	dags.
í sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar	dags.
í bæjarstjórn Fjallabyggðar	dags.
í sveitarstjórn Grýtubakkahrepps	dags.
í sveitarstjórn Hörgársveitar	dags.
í sveitarstjórn Langanesbyggðar	dags.
í sveitarstjórn Norðurlþings	dags.
í sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps	dags.
í sveitarstjórn Tjörneshrepps	dags.
í sveitarstjórn Þingeyjarsveitar	dags.

Fylgiskjal með samningi um barnaverndarþjónustuna á Norðurlandi eystra.

SAMÞYKKT

um fullnaðarafgreiðslu mála hjá Barnaverndarþjónustunni á Norðurlandi eystra
samkvæmt 3. mgr. 12. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

I. KAFLI Grundvöllur.

1. gr.

Grundvöllur.

Samþykkt þessi er sett á grundvelli 3. mgr. 12. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, hér eftir barnaverndarlög. Þar sem tilgreindum starfsmönnum Barnaverndarþjónustunnar á Norðurlandi eystra er í reglum þessum falið umboð til könnunar, meðferðar og ákvarðanatöku í einstökum barnaverndarmálum og öðrum málum þar sem barnaverndarþjónusta fer lögum samkvæmt með ákvörðunarvald. Forstöðumaður barnaverndarþjónustu Akureyrarbæjar hefur heimild til að taka ákvörðun sé ekki sérstaklega mælt fyrir um það í samþykkt þessari hver hefur heimild til að taka ákvörðun fyrir hönd Barnaverndarþjónustunnar á Norðurlandi eystra.

2. gr.

Skilgreining á hugtökum.

Forstöðumaður barnaverndarþjónustu Akureyrarbæjar er stjórnandi Barnaverndarþjónustunnar á Norðurlandi eystra.

Lögfræðingur er lögfræðimenntaður starfsmaður Barnaverndarþjónustunnar á Norðurlandi eystra, með starfsheitið lögfræðingur eða lögmaður velferðarsviðs Akureyrarbæjar.

Teymisfundir eru fundir barnaverndarteyma þar sem fram fara umræður um einstök mál sem eru til könnunar eða meðferðar, sjónarmið fagaðila, barna og foreldra eru ígrunduð, lagt mat á stefnu máls og ákvarðanir teknar. Teymisfundir eru að jafnaði haldnir einu sinni í viku og eru á ábyrgð forstöðumanns barnaverndarþjónustu Akureyrarbæjar. Stýring funda er í höndum forstöðumanns og teymisstjóra. Á sérstökum fundi, úthlutunarfundi tekur forstöðumaður ákvarðanir þ.m.t. um könnun máls og úthlutun tiltekinna mála til starfsmanna. Barnaverndarþjónusta skal setja verklag um teymisfundi og skiptingu teyma.

Sérhæfðir starfsmenn barnaverndarþjónustu starfa á skrifstofu barnaverndarþjónustu í teymi og teljast sérhæft starfsfólk í skilningi 3. mgr. 11. gr. barnaverndarlaga. Þetta eru starfsmenn með eftirfarandi starfsheiti: félagsráðgjafi barnaverndarþjónustu, ráðgjafi í barnaverndarþjónustu með annars konar uppeldismenntun eða sálfræðingur barnaverndarþjónustu.

Starfsmaður er starfsmaður í Barnaverndarþjónustunni á Norðurlandi eystra.

Barnaverndarteymi er teymi sérhæfðra starfsmanna sem starfa í Barnaverndarþjónustunni á Norðurlandi eystra.

3. gr.

Heimildir og umboð starfsmanna.

Í forföllum eða fjarveru forstöðumanns barnaverndarþjónustu Akureyrarbæjar leysir til þess ráðinn teymisstjóri barnaverndarþjónustunnar forstöðumann barnaverndar af. Í forföllum eða fjarveru þeirra beggja leysir sérhæfður starfsmaður barnaverndarþjónustunnar á Norðurlandi eystra hann af.

4. gr.

Starfslið.

Forstöðumaður barnaverndarþjónustu Akureyrarbæjar ræður starfslið Barnaverndarþjónustunnar á Norðurlandi eystra. Starfslið heyrir undir boðvald forstöðumanns barnaverndarþjónustu Akureyrarbæjar í málum sem heyra undir barnaverndarþjónustuna. Forstöðumanni er heimilt að fela utanaðkomandi sérfræðingum vinnslu og meðferð einstakra mála eftir því sem þörf er á hverju sinni innan heimilda barnaverndarlaga og

sveitarstjórnarlaga hverju sinni. Þá er forstöðumanni heimilt að semja við utanaðkomandi aðila um rekstur vistheimila eða annarra úrræða á grundvelli 84. gr. barnaverndarlaga.

5. gr.

Valdsvið og samstarf barnaverndarþjónustu.

Forstöðumaður barnaverndarþjónustu Akureyrarbæjar getur samið við aðrar barnaverndarþjónustur um að mál skuli að einhverju eða öllu leyti unnið í þeirra umdæmi þó barn hafi fasta búsetu í umdæmi Barnaverndarþjónustunnar á Norðurlandi eystra. Sömuleiðis getur forstöðumaður barnaverndarþjónustu Akureyrarbæjar samið við aðrar barnaverndarþjónustur um að mál skuli að einhverju eða öllu leyti unnið í umdæmi Barnaverndarþjónustunnar á Norðurlandi eystra þó barn hafi fasta búsetu annars staðar. Að öðru leyti fer um þessi mál samkvæmt 15. gr. barnaverndarlaga, með síðari breytingum. Ef vinda þarf bráðan bug að ráðstöfun vegna barns sem statt er í umdæmi Barnaverndarþjónustunnar á Norðurlandi eystra en hefur fasta búsetu annars staðar getur forstöðumaður barnaverndarþjónustu Akureyrarbæjar eða lögfræðingur, án undangenginnar málsmeðferðar skv. VIII. kafla barnaverndarlaga, framkvæmt hana. Starfsmaður skal án tafar tilkynna viðkomandi barnaverndarþjónustu um málið, sem skal taka málið til meðferðar og taka allar frekari ákvarðanir.

II. KAFLI

Upphaf og könnun barnaverndarmáls.

6. gr.

Nafnleynd.

Tilkynnandi skv. 16. gr. barnaverndarlaga skal njóta nafnleyndar gagnvart öðrum en Barnaverndarþjónustunni á Norðurlandi eystra, óski hann þess, nema sérstakar ástæður mæli gegn því. Óski aðili máls eftir afléttingu á nafnleynd getur lögfræðingur eða forstöðumaður barnaverndarþjónustu Akureyrarbæjar tekið ákvörðun um slíka beiðni. Ef rökstuddur grunur er um að tilkynnandi hafi vísitandi komið á framfæri rangri eða villandi tilkynningu getur forstöðumaður tekið ákvörðun um að aflétta nafnleyndinni. Ef tekin er ákvörðun um að aflétta nafnleynd getur forstöðumaður jafnframt óskað lögreglurannsóknar á meintu broti gegn 96. gr. barnaverndarlaga.

7. gr.

Ákvörðun um könnun máls.

Þegar tilkynning berst skal sérhæfður starfsmaður taka afstöðu til þess hvort bregðast þurfi við þegar í stað og kanna málið og þá í samráði við forstöðumann barnaverndarþjónustu Akureyrarbæjar. Ákvörðun um að hefja könnun skal ekki tekin, nema rökstuddur grunur sé um að tilefni sé til. Sama gildir þó sérhæfður starfsmaður fái upplýsingar með öðrum hætti en tilkynningu.

Um tilkynningar í barnaverndarmálum er fjallað á teymisfundum og ákvörðun um könnun máls er tekin á teymisfundum. Forstöðumaður barnaverndarþjónustu Akureyrarbæjar, að höfðu samráði við teymi, tekur ákvörðun á meðferðarfundi um hvort hefja skuli könnun máls. Forstöðumaður barnaverndarþjónustu, að höfðu samráði við teymi, tekur ákvörðun um að fresta tilkynningu til foreldra vegna ríkra rannsóknarhagsmuna, sbr. 3. mgr. 21. gr. barnaverndarlaga. Þegar tekin hefur verið ákvörðun um að hefja könnun máls úthlutar forstöðumaður barnaverndarþjónustu málinu til sérhæfðs starfsmanns á viðkomandi félagsþjónustusvæði.

8. gr.

Úthlutun annarra mála.

Mál sem heyra undir Barnaverndarþjónustuna á Norðurlandi eystra en eru ekki unnin á grundvelli V. kafla barnaverndarlaga skal forstöðumaður barnaverndarþjónustu úthluta í vinnslu til sérhæfðs starfsmanns.

9. gr.

Skipan talsmanns.

Þegar tekin hefur verið ákvörðun um að hefja könnun máls skal sérhæfður starfsmaður að höfðu samráði við forstöðumann taka afstöðu til þess á teymisfundi hvort þörf sé á að skipa barni talsmann.

10. gr.

Könnun máls.

Sérhæfðir starfsmenn vinna áætlun um könnun máls í samræmi við ákvörðun teymisfundar. Sérhæfður starfsmaður sem fer með könnun máls sér um að afla upplýsinga í samræmi við ákvæði barnaverndarlaga og reglugerða, leita aðstoðar sérfræðinga og óska eftir þjónustu Barnahúss eftir því sem við á, sbr. 22. gr. barnaverndarlaga. Hann leitast við að könnun fari fram í samráði og samvinnu við forsjáraðila, þó ætíð með hagsmuni barns að leiðarljósi.

Sérhæfður starfsmaður fer með þær rannsóknarheimildir sem mælt er fyrir um í 43. gr. barnaverndarlaga.

Sérhæfður starfsmaður tekur þátt í samþættingu þjónustunnar frá upphafi barnaverndarmáls ef fyrir liggur beiðni um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barns, sbr. 22. gr. a. barnaverndarlaga.

Ef ekki liggur fyrir beiðni um samþættingu þjónustu ber sérhæfðum starfsmanni við upphaf könnunar og eftir þörfum á meðan könnun vindur fram, að leiðbeina foreldrum og/eða barni um rétt samkvæmt lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, nr. 86/2021. Að lokinni könnun máls skal teymisfundur taka ákvörðun um hvort loka eigi máli eða gera áætlun um meðferð máls, sbr. 1. mgr. 23. gr.

11. gr.

Lögreglurannsókn.

Ef grunur leikur á að alvarlegt refsivert brot hafi verið framið gagnvart barni tekur sérhæfður starfsmaður í samráði við forstöðumann barnaverndarþjónustu ákvörðun um að óska lögreglurannsóknar. Eftir atvikum skal leita samþykkis forsjáraðila sem hefur barn í sinni umsjá og hafa samráð við barn.

12. gr.

Neyðarráðstafanir.

Ef beita þarf neyðarráðstöfun skv. 31. gr. barnaverndarlaga getur sérhæfður starfsmaður að höfðu samráði við forstöðumann barnaverndarþjónustu framkvæmt hana án undangenginnar málsmeðferðar skv. VIII. kafla barnaverndarlaga.

Sérhæfður starfsmaður að höfðu samráði við forstöðumann barnaverndarþjónustu getur tekið ákvörðun um neyðarráðstöfun gagnvart barni sem er 15 ára eða eldra, með samþykki forsjáraðila.

Við aðstæður þær sem 1. mgr. 31. gr. barnaverndarlaga lýsir er sérhæfðum starfsmanni heimilt, að höfðu samráði við aðra starfsmenn og með samþykki forstöðumanns, þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. 43. gr. að fara inn á heimili, enda sé ástæða til að ætla að barn sé í bráðri hættu.

III. KAFLI

Ráðstafanir barnaverndarþjónustu.

13. gr.

Áætlun um meðferð máls.

Sérhæfður starfsmaður, í samvinnu við forsjáraðila og eftir atvikum barn sem náð hefur 15 ára aldri, skal gera skriflega áætlun um meðferð máls og undirritar áætlunina f.h. Barnaverndarþjónustunnar á Norðurlandi eystra.

Sérhæfður starfsmaður skal gera einhliða áætlun um framvindu máls og beitingu úrræða, náist ekki samkomulag við foreldra eða barn, þegar það á við, sbr. 24. gr. reglugerðar nr. 56/2004 og 4. mgr. 23. gr. barnaverndarlaga.

Ákvörðun um lokun máls er tekin á teymisfundum. Sérhæfður starfsmaður leggur málið fyrir fund með tillögu um lokun máls þegar áætlun rennur út eða meðan meðferðaráætlun er í gangi ef aðstæður barns verða viðunandi eða ekki er af öðrum ástæðum þörf á áframhaldandi vinnslu á grundvelli barnaverndarlaga.

14. gr.

Framkvæmd meðferðaráætlunar.

Sérhæfður starfsmaður skal sjá um alla framkvæmd meðferðaráætlunar. Hann skal koma á þeim stuðningi sem þar er mælt fyrir um og þörf er á, þar á meðal samþættingu þjónustu í þágu farsældar barns. Hann skal meta

þörf á samstarfi við aðra aðila sem veitt gætu stuðning eða vinna í málum barnsins og koma á slíku samstarfi sé þess þörf. Sérhæfður starfsmaður getur, með samþykki foreldra, beitt þeim úrræðum sem kveðið er á um í 24. og 26. gr. barnaverndarlaga, sbr. einnig 10. gr. reglugerðar nr. 652/2004.

15. gr.

Úrræði utan heimilis með samþykki foreldra og barns.

Sérhæfður starfsmaður með samþykki forstöðumanns barnaverndarþjónustu getur, með samþykki forsjáraðila og barns sem náð hefur 15 ára aldri, mælt fyrir um að:

- a. Barnaverndarþjónustan á Norðurlandi eystra taki við forsjá eða umsjá barns og ráðstafað barni í fóstur,
- b. Barnaverndarþjónustan á Norðurlandi eystra taki við forsjá eða umsjá barns og visti barn utan heimilis á heimili eða stofnun eða leiti annarra úrræða skv. XIII. og XIV. kafla barnaverndarlaga til umönnunar, rannsóknar, meðferðar eða stuðnings.

Ákvörðun um að taka við forsjá eða umsjá barns, sbr. a- og b- lið skal tekin að undangengnu samráði á teymisfundi.

Ákvörðun um að taka við forsjá og ákvörðun um vistun eða fóstur barns sem varir í eða ætlað er að vara samfellt í 6 mánuði eða lengur skal staðfest af forstöðumanni barnaverndarþjónustu.

Sérhæfður starfsmaður með samþykki forstöðumanns getur ákveðið með samþykki ungmennis að ráðstöfun í fóstur eða vistun haldist eftir að ungmenni verður 18 ára, allt til 20 ára aldurs. Að jafnaði skal ákvörðun tekin að undangengnu samráði á teymisfundi. Ungmenni getur skotið synjun, um að ráðstöfun í fóstur eða vistun haldist eftir að viðkomandi verður 18 ára, til úrskurðarnefndar velferðarmála.

16. gr.

Vinnsla máls meðan vistun og fóstur varir.

Þegar fyrir liggur ákvörðun um vistun eða fóstur barns skal sérhæfður starfsmaður fara með alla vinnslu máls á meðan vistun eða fóstur varir. Í því felst m.a. að sækja um vistun á meðferðarheimili á vegum Barna- og fjölskyldustofu, gera vistunarsamning á grundvelli 80. gr. barnaverndarlaga, sækja um vistun/fóstur á grundvelli 84. gr. barnaverndarlaga, ganga frá áætlun um að tryggja umsjá barns á grundvelli 25. gr. reglugerðar nr. 56/2004 og 33. gr. barnaverndarlaga, koma á stuðningi við barn og/eða vistunaraðila, hafa frumkvæði að umgengni við nákomna eftir því sem þörf er á og gera umgengnissamning, fylgja eftir áætlun um meðferð og vistun barns, meta tímanlega árangur af föstri eða vistun áður en henni lýkur og þörf á beitingu frekari úrræða.

17. gr.

Úrræði án samþykkis foreldra.

Sérhæfðum starfsmaður með samþykki forstöðumanns barnaverndarþjónustu, að höfðu samráði við lögfræðing, tekur ákvörðun um að fara fram á það við Umdæmisráð Landsbyggða að ráðið kveði upp úrskurð gegn vilja foreldra og barns sem er 15 ára eða eldra í samræmi við 26. - 29. gr. barnaverndarlaga. Ákvörðun skal tekin að undangengnu samráði á teymisfundi.

18. gr.

Úrræði vegna ófæddra barna.

Sérhæfður starfsmaður með samþykki forstöðumanns, að höfðu samráði við lögfræðing, tekur ákvörðun um að sett skuli fram krafa fyrir dómi um sviptingu sjálfræðis barnshafandi einstaklings samkvæmt ákvæðum lögræðislaga, í samræmi við 2. mgr. 30. gr. barnaverndarlaga. Ákvörðun skal tekin að undangengnu samráði á teymisfundi.

19. gr.

Endurskoðun ráðstafana.

Sérhæfður starfsmaður og forstöðumaður barnaverndarþjónustu taka afstöðu til beiðni um endurskoðun ráðstafana í samræmi við 2. mgr. 34. gr. barnaverndarlaga. Ákvörðun skal tekin að undangengnu samráði á teymisfundi.

20. gr.

Brottvikning heimilismanns og nálgunarbann.

Sérhæfður starfsmaður og forstöðumaður barnaverndarþjónustu taka ákvörðun um að setja fram beiðni til lögreglu í samræmi við 37. gr. barnaverndarlaga. Ákvörðun skal tekin að undangengnu samráði á teymisfundi og eftir atvikum við lögfræðing.

21. gr.

Fyrirsvar fyrir dómi.

Lögfræðingur velferðarsviðs Akureyrarbæjar fer með fyrirsvar fyrir Barnaverndarþjónustuna á Norðurlandi eystra fyrir dómi. Sérhæfður starfsmaður og forstöðumaður barnaverndarþjónustu, að höfðu samráði við lögfræðing, taka nauðsynlegar ákvarðanir um meðferð máls fyrir dómi, svo sem hvort afla eigi dómkvadds mats, kæru og áfrýjun mála til æðri dómstóla o.s.frv. Ákvarðanir um sættir eða að falla frá máli skulu staðfestar af forstöðumanni barnaverndarþjónustu.

IV. KAFLI

Ráðstöfun barna í fóstur.

22. gr.

Fóstur.

Forstöðumaður barnaverndarþjónustu tekur ákvörðun um að ráðstafa barni í fóstur í samræmi við XII. kafla barnaverndarlaga þegar fyrir liggja þær aðstæður sem mælt er fyrir um í 65. gr. barnaverndarlaga og 2. gr. reglugerðar nr. 858/2013. Sérhæfður starfsmaður og forstöðumaður barnaverndarþjónustu, að höfðu samráði á teymisfundi, taka ákvörðun um þau atriði sem mæla skal fyrir um í fóstursamningi, svo sem forsjárskyldur fósturforeldra, fósturtíma, greiðslur til fósturforeldra, umgengni í fóstri, stuðning við barn og fósturforeldra og annað sem máli skiptir.

23. gr.

Beiðni um fósturheimili og val á fósturforeldrum.

Sérhæfður starfsmaður sendir beiðni um fósturheimili til Barna- og fjölskyldustofu í samræmi við 15. gr. reglugerðar nr. 804/2004. Sérhæfður starfsmaður með samþykki forstöðumanns barnaverndarþjónustu velur fósturforeldra úr hópi þeirra sem eru á skrá í samráði við Barna- og fjölskyldustofu, sbr. 16. gr. reglugerðar nr. 804/2004. Sérhæfður starfsmaður undirbýr barn undir viðskilnað við foreldra. Sérhæfður starfsmaður skal leita umsagnar forsjárlauss foreldris áður en barni er ráðstafað í fóstur.

24. gr.

Réttarstaða foreldris sem ekki fer með forsjá barns.

Ef aðeins annað kynforeldra fer með forsjá barns þegar úrskurður eða svipting á sér stað eða foreldri sem fer eitt með forsjá afsalar sér umsjá eða forsjá til Barnaverndarþjónustunnar á Norðurlandi eystra getur sérhæfður starfsmaður með samþykki forstöðumanns barnaverndarþjónustu og að höfðu samráði á teymisfundi tekið ákvörðun um að ráðstafa barni til hins foreldrisins.

Sérhæfðum starfsmanni og forstöðumanni Barnaverndarþjónustu, að undangengnu samráði á teymisfundi, ef hagsmunir barns eru taldir best tryggðir með þeim hætti, er heimilt að afsala forsjá þess til hins kynforeldrisins.

25. gr.

Réttarstaða foreldris sem barn býr ekki hjá þegar um sameiginlega forsjá er að ræða.

Ef foreldri sem barn býr hjá þegar báðir fara sameiginlega með forsjá, afsalar sér umsjá barns skv. 25. gr. eða kveðinn er upp úrskurður um tímabundna vistun utan heimilis skv. 27. eða 28. gr. tekur forstöðumaður barnaverndarþjónustu ákvörðun um að hitt foreldrið taki við umsjá þess eða að aðrir taki við umsjá þess. Ákvörðun skal tekin að undangengnu samráði á teymisfundi.

26. gr.

Fóstursamningur.

Þegar fóstur barns hefur verið samþykkt skal sérhæfður starfsmaður ganga frá fóstursamningi og undirrita f.h. Barnaverndarþjónustunnar á Norðurlandi eystra. Ef breytingar verða á högum fósturforeldra á fósturtíma

skal sérhæfður starfsmaður meta hvort þörf sé á að endurskoða fóstursamning í samræmi við 77. gr. barnaverndarlaga. Ef þörf er á endurskoðun fóstursamnings taka sérhæfður starfsmaður og forstöðumaður barnaverndarþjónustu ákvörðun með bókun þar um, að undangengnu samráði á teymisfundi. Ef ekki næst samkomulag við fósturforeldra getur sérhæfður starfsmaður með samþykki forstöðumanns í samráði við lögfræðing með rökstuddri ákvörðun breytt fóstursamningi eða fellt hann úr gildi. Úrskurður er kæránlegur til úrskurðarnefndar velferðarmála.

27. gr.

Greiðslur til fósturforeldra.

Sérhæfður starfsmaður með samþykki forstöðumanns barnaverndarþjónustu og að undangengnu samráði á teymisfundi tekur ákvörðun um fjárhæð fósturlauna í samræmi við 5. gr. reglugerðar nr. 858/2013. Fósturforeldrar geta óskað eftir endurskoðun á fjárhæð fósturlauna ef þeir telja að umönnunarþörf barns hafi breyst frá því að fóstursamningur var gerður. Ákvörðun er kæránleg til úrskurðarnefndar velferðarmála.

Sérhæfður starfsmaður með samþykki forstöðumanns barnaverndarþjónustu tekur ákvörðun um greiðslur í styrktu fóstri með Barna- og fjölskyldustofu, í samræmi við 6. gr. reglugerðar nr. 858/2013.

Fari fósturforeldrar fram á greiðslur á ófyrirséðum kostnaði með rökstuddri beiðni í samræmi við 8. gr. reglugerðar nr. 858/2013 skal ráðgjafi með samþykki forstöðumanns og að undangengnu samráði á teymisfundi taka afstöðu til beiðinnar með rökstuddri bókun. Sú ákvörðun er kæránleg til úrskurðarnefndar velferðarmála.

28. gr.

Slit fóstursamnings.

Sérhæfður starfsmaður með samþykki forstöðumanns barnaverndarþjónustu og að undangengnu samráði á teymisfundi tekur ákvörðun um að breyta fóstursamningi eða fella hann úr gildi, eins og mátt er fyrir um í 32. gr. reglugerðar nr. 804/2004. Ef ekki næst samkomulag við fósturforeldra þar um getur sérhæfður starfsmaður með samþykki forstöðumanns breytt fóstursamningi eða fellt hann úr gildi með rökstuddri bókun.

29. gr.

Framfærsluskýlda foreldra.

Sérhæfður starfsmaður með samþykki forstöðumanns og að undangengnu samráði á teymisfundi tekur ákvörðun um hvort krafa verði gerð á foreldra um greiðslu framfærslueyris, sbr. 11. gr. reglugerðar nr. 858/2013 með hliðsjón af þörfum barnsins og fjárhagsstöðu og öðrum högum beggja foreldra. Með sömu sjónarmiðum getur ráðgjafi með samþykki forstöðumanns og að undangengnu samráði á teymisfundi ákveðið að aðstoða foreldra við kostnað vegna umgengni við barn í fóstri að hluta eða öllu leyti. Ef ekki næst samkomulag skal afgreiða málið með rökstuddri bókun.

30. gr.

Umgengni í fóstri.

Við ráðstöfun barns í fóstur skal sérhæfður starfsmaður hafa frumkvæði að því að gera tillögur um umgengni barns við kynforeldra og aðra nákomna þegar það á við. Leitast skal við að ná samkomulagi við þá sem umgengni eiga að rækja og ganga frá skriflegum samningi um fyrirkomulag umgengninnar, að undangenginni bókun teymisfundar.

Ef ekki næst samkomulag um umgengni getur sérhæfður starfsmaður með samþykki forstöðumanns og að höfðu samráði á teymisfundi og við lögfræðing gert tillögu um að umdæmisráð barnaverndar úrskurði um ágreiningsefni er varða umgengni barns við foreldra eða nákomna í samræmi við 74. og 81. gr. barnaverndarlaga.

31. gr.

Leyndur dvalarstaður.

Sérhæfður starfsmaður með samþykki forstöðumanns og að undangengnu samráði á teymisfundi tekur ákvörðun um hvort halda eigi dvalarstað barns leyndum og kynnir aðila máls þá ákvörðun sína. Aðili máls getur borið þá ákvörðun undir umdæmisráð barnaverndar sem kveður upp úrskurð í samræmi við 7. mgr. 74. gr. og 8. mgr. 81. gr. barnaverndarlaga.

V. KAFLI
Málsmeðferð barnaverndarmála.

32. gr.

Aðgangur að gögnum máls.

Forstöðumaður barnaverndarþjónustu tekur ákvörðun, að höfðu samráði við sérhæfðan starfsmann og lögfræðing um að takmarka aðgang aðila að tilteknum gögnum máls í samræmi við 2. mgr. 45. gr. barnaverndarlaga. Sú ákvörðun er kæranleg til úrskurðarnefndar velferðarmála.

33. gr.

Aðstoð lögmanns.

Lögfræðingur í samráði við forstöðumann barnaverndarþjónustu annast gerð reglna um greiðslur fjárstyrks til að greiða fyrir lögmannsaðstoð, sbr. 2. mgr. 47. gr. barnaverndarlaga.

Forstöðumaður barnaverndarþjónustu tekur ákvörðun í samráði við lögfræðing um veitingu fjárstyrks á grundvelli 47. gr. barnaverndarlaga og í samræmi við reglur um veitingu fjárstyrks.

Lögfræðingur tekur ákvörðun um greiðslu fjárstyrks á grundvelli 47. gr. barnaverndarlaga og í samræmi við reglur Barnaverndarþjónustunnar á Norðurlandi eystra um greiðslur fjárstyrks.

VI. KAFLI
Úrræði á ábyrgð sveitarfélaga.

34. gr.

Sumardvöl á vegum Barnaverndarþjónustunnar á Norðurlandi eystra.

Sérhæfðir starfsmenn skulu sjá um móttöku, vinnslu og meðferð beiðna frá Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála um umsagnir vegna umsækjanda um leyfi til að starfrækja sumardvöl í umdæmi Barnaverndarþjónustunnar á Norðurlandi eystra, sbr. IV. kafla reglugerðar nr. 652/2004. Þegar starfsmaður hefur skrifað greinargerð um málið að lokinni gagnaöflun skal hún kynnt umsækjanda og honum gefinn kostur á að koma að athugasemdum áður en umsögnin er send Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála.

35. gr.

Stuðningsfjölskyldur á vegum Barnaverndarþjónustunnar á Norðurlandi eystra.

Sérhæfðir starfsmenn skulu sjá um móttöku, vinnslu og meðferð beiðna frá Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála um umsagnir vegna umsækjanda um leyfi til að gerast stuðningsfjölskylda, sbr. 8. og 9. gr. laga um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála nr. 88/2021, 85. gr. barnaverndarlaga og VI. kafla reglugerðar nr. 652/2004. Þegar starfsmaður hefur skrifað greinargerð um mál að lokinni gagnaöflun skal hún kynnt umsækjanda og honum gefinn kostur á að koma að athugasemdum áður en umsögnin er send Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála. Fara skal eftir verklagi sem forstöðumaður barnaverndarþjónustunnar setur um umsagnir vegna stuðningsfjölskyldna.

36. gr.

Heimili og önnur úrræði á vegum Barnaverndarþjónustunnar á Norðurlandi eystra.

Sérhæfðir starfsmenn skulu sjá um að gera skriflega samninga við þá aðila sem taka að sér þjónustu við börn í formi stuðnings eða vistunar skv. 5. gr. reglugerðar nr. 652/2004. Forstöðumaður barnaverndarþjónustu ber ábyrgð á öflun leyfa og hefur samskipti við Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála og eftir atvikum aðra aðila vegna þeirra úrræða sem fjallað er um í VII. kafla reglugerðar nr. 652/2004.

37. gr.

Útvistun mála samkvæmt þessum kafla.

Forstöðumaður barnaverndarþjónustu getur gert samninga við starfseiningar Akureyrarbæjar, aðrar stofnanir eða sérfræðinga til að sjá um afgreiðslu umsókna, gerð umsagna, öflun leyfa, gerð greinargerða, gerð samninga og annað sem til þarf vegna úrræða á ábyrgð sveitarfélaga samkvæmt þessum kafla og reglugerð nr. 652/2004.

VII. KAFLI
Umsagnarmál.

38. gr.

Umsagnir samkvæmt ættleiðingarlögum nr. 130/1999.

Sérhæfður starfsmaður annast könnun mála vegna umsagnar Barnaverndarþjónustunnar á Norðurlandi eystra um ættleiðingar skv. 16. gr. og 31. gr. laga um ættleiðingar nr. 130/1999. Umsagnir vegna ættleiðingarmála skulu lagðar fyrir teymisfund með skriflegri greinargerð þar sem m.a. koma fram upplýsingar um hagi og aðstæður umsækjanda og hvort umsækjandi uppfylli skilyrði í samræmi við lög um ættleiðingar og reglugerð um ættleiðingar.

VIII. KAFLI
Endurupptaka.

39. gr.

Endurupptaka mála.

Beri aðili fram kvörtun vegna afgreiðslu Barnaverndarþjónustunnar á Norðurlandi eystra samkvæmt viðauka þessum, skal leiðbeina honum um réttarstöðu sína, m.a. um heimild til að óska endurupptöku stjórnvaldsákvörðunar hjá forstöðumanni barnaverndarþjónustunnar með hliðsjón af 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Telji forstöðumaður að skilyrði endurupptöku séu fyrir hendi skal Barnaverndarþjónustan á Norðurlandi eystra taka málið upp að nýju. Hafi forstöðumaður komið að fyrri ákvörðun skal lögfræðingur taka ákvörðun um endurupptöku. Við birtingu ákvörðunar skal aðili upplýstur að um fullnaðarákvörðun sé að ræða skv. 12. gr. bvl.

VIII. KAFLI
Önnur ákvæði.

40. gr.

Gildistaka og birting.

Samþykkt þessi er ótímabundin og skal hún endurskoðuð ef þurfa þykir. Birta skal samþykktina á heimasíðum aðildarsveitarfélaga Barnaverndarþjónustunnar á Norðurlandi eystra.

